



„Við erum bara mjög aftarlega“

● Segir erfitt að treysta því að öryggi sjúklinga sé tryggt

Karlotta Líf Sumarliðadóttir
karlottalif@mbl.is

Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélags Íslands, kveðst hafa gríðarlegar áhyggjur af ástandinu á Landspítalanum. „Maður á bara erfitt með að treysta á að hægt sé að tryggja öryggi sjúklinga við þessar aðstæður, þessa miklu mannekle og álag. Læknarnir á bráðamóttökunni hafa undanfarin sumur átt mjög erfitt með að fá sín lögbundnu frí og ég held að þetta hafi aldrei verið verra heldur en núna,“ segir hún í samtali við Morgunblaðið.



Steinunn Þórðardóttir

Læknafélagið hafi áhyggjur af því að starfsfólk sem vinnur undir gríðarlegu álagi nái ekki að taka út sitt frí, sem sé einnig hugsað sem hvíldartími. „Starfið krefst þess að þú sért algjörlega með allt upp á hundræð prósent og til þess þarf fólk að vera úthvílt.“ Segir hún skort á legurýmum vera helsta vandann hvað varðar stöðuna á bráðamóttökunni. „Bráðamóttakan getur ekki vísað einum frá, eðli máls samkvæmt, og þá náttúrulega birtist þessi stífla og skortur á úrræðum í kerfinu langmest þar.“

Læknar á bráðamóttökunni benda á að þeir geti vel sinnt bráðapjónustu, það sé ekki vandamálið. „Það sem er að gerast á bráðamóttökunni er að þú ert með meira en heila legudeild, jafnvel tvær, þar sem mjög veikt fólk liggur inni og kemst ekkert áfram. Það fyllir auðvitað alla ganga og öll herbergi. Vandinn er skortur á legurýmum og öðrum úrræðum,“ segir hún. „Þetta er risastórt verkefni og ég held að starfsfólki á bráðamóttökunni sé fyrst og fremst að kalla eftir því að fá að sinna sínu hlutverki, sem er bráðamóttökupjónusta og þau eru algjörlega í stakk búin til þess, það er bara þessi mikla stífla.“

Steinunn bendir á að þörf sé á úrræðum á fleiri stöðum. „Lækna-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Bráðamóttaka Formaður Læknafélagsins hefur áhyggjur af stöðunni.

félagið fór hringinn í kringum landið í maí og við sáum að ástandið er erfitt nánast alls staðar á þeim stöðum sem við heimsóttum. Það er ekkert loft í þessu kerfi. Við sáum ekkert í fljótu bragði hver ætti að geta gripið boltann frá bráðamóttökunni til að léttu undir með henni. Kraginn er til dæmis mjög illa mannaður og bráðamóttakan á Selfossi er algjörlega sprungin. Það liggur í augum uppi að þetta kerfi er bara svelt.“

Nýr spítali eigi að vera tilbúinn

Segir Steinunn að nýr Landspítali hefði átt að vera löngu tilbúinn. „Við erum með allt of fá legurými og við höfum miklar áhyggjur af framtíðinni varðandi nýja spítalann. Þessi spítali ætti auðvitað að vera löngu kominn og það hefði í rauninni átt að vera byrjað að byggja nýjan, ef maður ætlar að bregðast við þörfinni. Það spretta hér upp bankar og hótél en þessi spítali lætur bíða eftir sér og okkur sárvantar hann. Ég myndi vilja sjá hann klárast og að við förum beint að huga að næsta.“

Þá sé skortur á úrræðum utan spítalans. „Við erum með margt flott fólk sem vinnur gott starf utan spítalans. Það þarf að valdefla þetta fólk og gefa því fjármuni til að þróa sín úrræði,“ segir Steinunn. „Eins og McKinsey skýrslan sýndi fer til dæmis margfalt minna í heimahjúkrun á Íslandi heldur en í samanburðarlöndum. Við finnum að við komum fólkum ekki heim vegna þess að þetta

er svo takmörkuð auðlind og við vitum líka að það er meira lagt á aðstandendur hérlendis heldur en í samanburðarlöndum, þannig að við erum bara mjög aftarlega.“

Almenningur bendi á vandann

Nýlega greindi Morgunblaðið frá því að móðir hefði þrisvar á tíu dögum farið með dóttur sína á bráðamóttökuna til að fá staðfest að dóttirin væri með heilahimnubólgu. „Þetta er auðvitað mjög erfitt og mér finnst mikilvægt að fólk komi með þessar ábendingar og styðji okkur í að benda á vandann,“ segir Steinunn. Hlutirnir séu að þróast á verri veg og mikilvægt að almenningur lýsi sinni upplifun. „Ég held ég geti leyft mér að fullyrða að starfsfólki er að gera meira en sitt besta, en þegar hlutirnir eru komnir á óviðráðanlegan stað er mjög erfitt að koma í veg fyrir atvik og við það eigum við ekki að sætta okkur sem þjóð. Á Íslandi á ekki að reka annars flokks heilbrigðiskerfi.“

Læknafélagið fagnar nýju viðbragðsteymi heilbrigðisráðuneytisins. „Ég vona að teymið fái ríkar heimildir til þess að hugmyndir þeirra verði að veruleika, við höfum séð á eftir allt of mörgum pappírnum enda ofan í skúffu með flottum hugmyndum en engri framkvæmd. Ég vona að þetta verði í samráði við fólk með sem er á gólfinu, þeir sem eru að lifa þennan veruleika alla daga vita nákvæmlega hvað þarf að gera.“